

Kæra samstarfsfólk!

Nú er komið að tímamótum. Í gær, sunnudaginn 9. nóvember, gekk ég á fund dómsmálaráðherra og óskaði eftir að láta af störfum sem ríkislögreglustjóri. Ástæðurnar eru nokkrar. Sú stærsta er að ég met það svo að það sé ekki til hagsbóta fyrir lögregluna í heild að ég sé í stafni eftir umfjöllun síðustu vikna þar sem mikilvæg umræða er framundan um fjármögnun lögreglu enda hefur mikil aukning orðið á verkefnum tengdum öryggi ríkisins. Hagsmunir lögreglu eru mikilvægari en eiginhagsmunir. Ástæðurnar eru þó fleiri. Þegar ég var nýtekin við sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, kom forveri minn, Böðvar Bragason og heilsaði upp á mig. Við áttum gott spjall og hann gaf mér góð ráð, þar á meðal að þekkja minn vitjunartíma og sitja ekki of lengi í embætti. Mín niðurstaða er sú að vitjunartíminn sé núna. Ákvörðunin er alfarið mín og ég skynja að hún er rétt. Ábyrgðin er mikil, hraðinn hefur aukist og starfið hefur tekið yfir nánast allar mínar vökustundir.

Ég hóf feril minn sem skattstjóri Vestfjarðaumdæmis árið 1996 og því eru næstum þrír áratugir í þjónustu hins opinbera að baki. Sólveig Pétursdóttir skipaði mig sýslumann á Ísafirði árið 2002 og verð ég henni ævarandi þakklát. Skyldur sýslumanna á þeim tíma voru margvíslegar og lögreglustjórn í héraði var einungis ein þeirra. Mér fannst lögreglan lang áhugaverðasta verkefnið og þegar Björn Bjarnason fól mér að setja á stofn greiningardeild fyrir embætti ríkislögreglustjóra árið 2006 stökk ég til þótt það fæli í sér umtalsverða launalækkun. Í kjölfarið var ég skipuð aðstoðarríkislögreglustjóri og áttum við Haraldur Johannessen gott og farsælt samstarf á þeim tíma.

Árið 2009 sótti ég um embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum en við fjölskyldan vorum búsett þar. Við tók afar gefandi tími en embættið á Suðurnesjum er mjög fjölbreytt og áhugavert, m.a. vegna alþjóðaðflugvallarins og vinnu gegn kynbundnu ofbeldi. Þannig hófum við á þessum árum átaksverkefnið „*Að halda glugganum opnum*“ í samstarfi við félagsþjónustuna á Suðurnesjum en verkefnið markaði upphaf breytinga á verklagi lögreglunnar í heild sinni þegar kemur að heimilisofbeldismálum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir flutti mig til í starfi og gerði mig að lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Tilgangurinn var meðal annars að taka fastar á kynbundnu ofbeldi og auka jafnrétti innan lögreglu og var sú vegferð á tímum afar krefjandi en sem betur fer árangursrík en mörg þessara verkefna hafa fengið bæði innlenda og alþjóðlega viðurkenningu.

Í marsmánuði árið 2020 skipaði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir mig sem ríkislögreglustjóra og hóf ég störf í byrjun Covid-19 faraldursins sem markaði fyrsta starfsárið mitt, ekki bara í tengslum við starf almannavarna heldur einnig tengt kynbundnu ofbeldi og afbrotavörnum. Þá tóku við náttúruhamfarir á Reykjanesi með byggingu varnargarða og fleiri stórum og óvenjulegum verkefnum. Á sama tíma höfum við tvöfaldað fjölda lögreglunema, sett á fót búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem fengið

hafa höfnun á umsóknum sínum, sett upp gríðarstórt Schengen kerfi, þjálfað lögreglu í notkun rafvarnarvopna og innleitt notkun þeirra, tæknivætt lögreglu til muna og styrkt öryggiseiningar embættisins svo einungis nokkur atriði séu nefnd.

Mitt mat er því það að þetta sé komið gott og að mikilvægt sé að stíga til hliðar, fá meiri tíma til að sinna ástvinum og jafnvel öðrum hugðarefnum og veita yngri manneskju rými til að láta ferska vinda blása inn í embættið. Mörg ykkar hafið eflaust heyrt mig segja að það sé gott að hafa í huga að það voru aðrir á undan okkur og það komi aðrir á eftir okkur og því sé brýnt að nýta þann tíma sem okkur er skammtaður til að þjóna samfélaginu. Nú er hlutverki mínu á þessum vettvangi lokið og mig langar að þakka ykkur öllum fyrir samstarfið og kynnin þessi 23 ár sem ég hef þjónað í lögreglunni. Það eru forréttindi að hafa fengið tækifæri til að starfa með ykkur fyrir samfélagið og einkunnarorðin okkar að vernda og virða eru svo sannarlega lýsandi fyrir ykkar störf.

Eins og flest ykkar vita hef ég allan minn starfstíma í lögreglunni haft mikinn áhuga á að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og finnst það óskiljanlegt að í okkar jafnréttisparadís skuli staðan vera svo slæm sem raun ber vitni. Ég fæ nú tækifæri til að einbeita mér að þessum mikilvægu verkefnum næstu árin í dómsmálaráðuneytinu og mun því áfram þjóna dómsmálaráðherra af trúmennsku þótt í nýju hlutverki sé. Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, mun taka tímabundið við sem ríkislögreglustjóri föstudaginn 14. nóvember nk. og við munum bjóða í kaffisamsæti þann dag.

Bkv.

Sbg